

## Fundargerð Stýrihóps um innleiðingu ISPS – kóða á Íslandi.

4. fundur, 18. ágúst 2003 haldinn í samgönguráðuneyti, kl. 14 - 16.

Mætt: Thomas Möller formaður, Ólafur J. Briem, Jón Þorvaldsson, Már Sveinbjörnsson, Hörður Blöndal, Gísli Viggósson, Ari Guðmundsson, Helga Jónsdóttir og Unnur Sverrisdóttir.

Formaður fór yfir fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt. Sagði hann tilgang þessa fundar að fara yfir framgang verkefnis stýrihópsins til þessa og ákveða framhaldið.

Farið var yfir skjöl sem Ólafur Briem hafði sent fundarmönnum, þ. á m. þýðingar á handbók og leiðbeiningum sem norska siglingamálastofnunin hefur birt á netinu. Stofnunin hefur gefið góðfúslegt leyfi til handa Íslendingum að nýta efnið að vild og voru fundarmenn sammála um að mikill fengur væri að því. Fundarmenn voru sammála um að við værum á sama róli og Norðmenn í innleiðingu reglnanna og því væri gott að hafa tímamörkin í norsku áætluninni til viðmiðunar.

Fram kom fyrirspurn um hvort fengist hefði aukafjárveiting til Siglingastofnunar vegna fyrirsjáanlegra aukaverkefna hennar í tengslum við innleiðinguna. Helga Jónsdóttir upplýsti að fjármálaráðuneyti hefði borist beiðni um kr. 10 milljónir í fjárukalögum fyrir árið 2003, en vissi ekki um afgreiðslu beiðninnar fyrir kr. 11 milljónir árið 2004. Unni Sverrisdóttur falið að kanna það.

Thomas Möller þakkaði Ólafi Briem mikla og hraða vinnu við þýðingar og samningu skjala. Hann lagði til þá vinnutilhögun, að nýta verkefnaáætlun Ólafs sem efnisyfirlit í væntanlegri skýrslu stýrihópsins. Var það samþykkt og ákveðið að hefjast þegar handa við að semja og fylla inn í efnisyfirlitið. Gísli Viggósson benti á að þegar því yrði lokið og skýrslan tilbúin væri hægt að birta handbókina og þýðinguna á kóðanum sem fylgiskjöl með skýrslunni. Ákveðið að ritstjórn skýrslunnar yrði í samgönguráðuneytinu hjá Unni og Sigurbergi.

Unnur tók að sér að kanna hvort unnt væri að hafa slóð á heimasíðu ráðuneytisins sem fulltrúar stýrihópsins hefðu aðgang að með lykilorði, þar sem drögin að skýrslunni yrðu vistuð og hægt væri að koma með texta og tillögur að breytingum. Með þessu móti yrði hægt að sleppa við að senda mjög stóran og þungan tölvupóst á milli fulltrúa á meðan á vinnu við skýrsluna stendur.

Að lokum var rætt og bent á, að í framlögðum skjölum kemur fram að dómsmálaráðuneytið og undirstofnanir þess hafa stórt hlutverk í innleiðingunni og samningu skýrslunnar, að samkvæmt þeim tímamörkum sem hópurinn hefur sett sér eru 4 vikur þar til bráðabirgðaskýrsla á að vera tilbúin og ákveðið að hafa næsta fund á sama stað, mánudaginn 1. september n. k. kl. 15.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Unnur Sverrisdóttir ritaði fundargerð.